

Fundargerð

Árið 2023, mánudaginn 8. maí kl. 11:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til rafræns fundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Dan Jens Brynjarsson, Friðjón Einarsson, Hrund Pétursdóttir, og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Gústav Aron Gústavssyni, og Ragnari Ágústi Róbertssyni, sem ritaði fundargerð.

Hörður Hilmarsson boðaði forföll.

Gestur undir 2. lið var Arnar Haraldsson frá HLH ráðgjöf.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar

Lögð var fram til samþykktar fundargerð ráðgjafarnefndar frá 28. apríl 2023.

Fundargerð frá 28. apríl 2023 var samþykkt án athugasemda.

2. Skálatún

Gestur fundarins, Arnar Haraldsson, kynnti og gerði grein fyrir niðurstöðum starfshópsins um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Hluti af niðurstöðunum er framtíðarlausn á vanda Skálatúns. Framtíðarlausnin grundvallast á samkomulagi á milli sjálfseignarstofnunarinnar Skálatúns, Mosfellsbæjar, MRN og svo að endingu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Samkvæmt greiningu starfshópsins mun framtíðarlausn um Skálatún skila töluverðri hagræðingu í þjónustu við börn með fjölþættan vanda.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja aðkomu Jöfnunarsjóðs að samkomulagi sjálfseignarstofnunar Skálatúns, Mosfellsbæjar og MRN vegna málefna Skálatúns. Náist samkomulag og skuldbinding allra aðila vegna málsins mun Jöfnunarsjóður greiða framlag að fjárhæð 422 m.kr. til uppgjörs áfallinna, ógreiddra gjalda og skuldbindinga vegna starfsmanna Skálatúns, sem og 20 m.kr. mánaðarlegt viðbótarframlag til 10 ára samkvæmt samkomulagi.

Ráðgjafarnefndin leggur áherslu á að ákvörðun um aðkomu Jöfnunarsjóðs byggir á áformum, sem HLH ráðgjöf hefur kynnt nefndinni, sem felast í því að ríkið nýti Skálatún í þjónustu við börn með fjölþættan vanda sem draga mun úr framtíðarkostnaði sveitarfélaga vegna málaflokksins.

Fleiri mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 12:17.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Friðjón Einarsson

Dan Jens Brynjarsson

Hrund Pétursdóttir

Theódóra S. Þorsteinsdóttir